

Opinn fundur Austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs í Snæfellsstofu 12. maí 2011

Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs boðaði til opins fundar til að kynna starfsemi á svæðinu og til þess að skapa umræðugrundvöll um stefnu og starfsemi þjóðgarðsins. Fundurinn var auglýstur með dreifibréfi í 701, auglýsingu í Dagskránni og útsendingum á póstlistum.

Dagskrá:

1. Setning fundarins og kynning dagskrár.
2. Ársskýrsla austursvæðis 2010 kynnt.
3. Kynning á fræðsludagskrá þjóðgarðsins sumarið 2011.
4. Hvert stefnir Vatnajökulsþjóðgarður og austursvæði hans.
5. Umræður

1. Setning fundarins

Björn Ármann setti fundinn og bauð gesti velkomna. Hann kynnti svæðisráð og starfsmenn þjóðgarðsins og fór yfir dagskrá fundarins en gaf síðan þjóðgarðsverði orðið.

2. Ársskýrsla austursvæðis 2010

Agnes Brá byrjaði á að segja aðeins frá Snæfellsstofu og byggingu hennar en um er að ræða fyrstu vistvænt vottuðu byggingu landsins. Einnig sagði hún frá sýningunni sem er í stofunni sem og minjagripaversluninni. Rík áhersla er lögð á nærsvæðið og svæðisbundna framleiðslu á minjagripum. Hún gerði síðan lauslega grein fyrir starfsemi þjóðgarðsins á austursvæði á síðasta ári og sagði einnig frá því hvernig henni yrði háttað á komandi sumri. Tveir fastir starfsmenn eru starfandi í Snæfellsstofu. Í sumar verða 9 sumarstörf, annars vegar 6 landverðir á hálendinu og 3 í Snæfellsstofu.

3. Kynning á fræðsludagskrá

Ragna Fanney Jóhannsdóttir fór yfir dagskrá þjóðgarðsins á komandi sumri. Fræðslutímabil í þjóðgarðinu er tvískipt. Hálendi frá miðjum júlí og fram í miðjan ágúst og á láglandi frá miðjum júní og fram í miðjan ágúst. Í vetur hefur verið unnin fræðsluáætlun fyrir austursvæðið. Snæfellsöræfabæklingur var gefinn út 2010 og opnuð stóra sýningin í gestastofu. Ætlunin er að reyna að fá fleiri skólahópa og einnig að standa betur að kynningu í sumar og er þjóðgarðurinn t.d. með fésbókarsíðu. Fræðslugöngur voru í fyrra í Kverkfjöllum og Snæfelli en vonir eru bundnar við að hægt verði að fjölga þeim sem taka þátt í þeim í ár. Verið er að vinna þjónustubækling fyrir þjóðgarðinn í heild sinni.

Í Snæfellsstofu verða barnastundir kl. 11 fyrir börn á aldrinum 6-12 ára með náttúrutengda leiki og fræðslugöngur. Stefnt er á að koma á fræðslufyrirlestrum reglulega í Snæfellsstofu yfir sumarið. Í Snæfelli verður fræðsluganga kl. 9 á morgnana daglega.

Í Kverkfjöllum verða áfram göngur sem menn kaupa sig í og fá viðeigandi búnað, annars vegar löng jöklaganga og hins vegar styttri ganga og á kvöldin er þar alltaf

myndasýning. Í Hvannalindum verður gengið að Fjalla-Eyvindar rústum alla daga nema þriðjudaga.

Fundarstjóri gaf þjóðgarðsverði færi á að bæta við kynningu sína undir 2. lið. Agnes sagði frá því að síðasta ár hefði verið um margt sérstakt vegna starfsmannabreytinga og byggingar Snæfellsstofu en nú stefndi í að hlutirnir yrðu í fastari skoðum.

4. Hvert stefnir Vatnajökulsþjóðgarður

Björn Ármann fór stuttlega yfir stjórnfyrirkomulag þjóðgarðsins. Hann gerði síðan ítarlega grein fyrir stjórnunar- og verndaráætlun austursvæðis þjóðgarðsins sem samþykkt var af umhverfisstjórn 28. febrúar 2011. Gerður hefur verið samningur við KOM - kynningarfyrtæki um að fara í margvissa kynningu á áætluninni.

Skúli Björn sagði aðeins frá sinni sýn á ferðaþjónustuna og tækifæri sem fylgja þjóðgarðinum. Hann taldi að margt af því væri komið til framkvæmda eða í nýrri áætlun sem aðilar í ferðaþjónustu hefðu talið nauðsynlegt að yrði gert kringum þessa uppbyggingu til að bæta aðstöðu og aðgengi að upplýsingum. Enn væri þó mikið verk að vinna og sérstaklega þyrftu heimamenn að verða meðvitaðri um þjóðgarðinn og tækifæri hans.

Ruth ræddi um framtíðarsýn sína varðandi þjóðgarðinn og mikilvægi þess að heimamenn lærðu að meta hann og líta á hann sem tækifæri fyrir m.a. atvinnusköpun til framtíðar líkt og Hornfirðingar séu farnir að gera syðra. Hún nefndi að skilaboð um að hér hefðu menn lítinn áhuga fyrir stækkun garðsins væru ekki til vegsauka fyrir þetta svæði og gætu sett okkur aftur í röðina þegar kæmi að frekari dreifingu starfa.

5. Umræður

Fundarstjóri gaf nú orðið laust og bað menn um að vera ekki stressaða þó að klukkan væri orðin tíu.

Ágætar umræður sköpuðust og eftirfarandi kom meðal annars fram:

Spurt var hvort menn væru ekki hræddir við að Dettifossvegur dragi úr umferð niður í Gljúfur og Ásbyrgi?

Emil Björnsson sagðist fagna kynningu á þjóðgarðinum sem boðuð væri. Hann sagði að leiðsögumenn með hreindýraveiðum hefðu beðið um fund með þjóðgarðsverði og svæðisráði hér eystra og jafnframt með stjórn þjóðgarðsins.

Björn Ármann sagði aðeins frá starfsmannamálum og staðsetningu starfsstöðva.

Fyrirspurn kom um hvort menn væru ekkert hræddir við að gæsin æti upp þjóðgarðinn.

Sigrún Blöndal spurði um hvort hægt væri að gera stuttlega grein fyrir því hvernig samráði hefði verið háttað. Björn Ármann sagði að nú væri komin inn á heimasíðuna greinargerð um alla fundi og allt samráð við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar.

Guðrún Á. sagði að tímapressa hefði gert það að verkum að samráð hefði kannski ekki verið eins mikið og áætlanir hefðu staðið um.

Jón Hávarður spurði hvort menn teldu þá að tímaskortur hefði sett mark sitt á ferlið. Svæðisráðsfulltrúar játtu því.

Agnes minntist á það að hún sem þjóðgarðsvörður fengi lítið af fyrirspurnum og símtölum frá heimamönnum. Hún sagði einnig frá góðu samráði út af slóðamálum.

Spurt var hvernig KOM myndi kynna áætlunina. Tillaga um það á að liggja fyrir fljótlega.

Jón Hávarður fór aðeins yfir viðhorf varðandi veiðar að honum hefði fundist skorta samráð við veiðimenn í vinnunni við gerð áætlunarinnar og nefndi einnig að gæta þyrfti þess að hafa útsýnisstaði en ekki bara aðgengi fyrir gangandi innan þjóðgarðsins.

Gunnar Jónsson sagði að eitt af brýnum markmiðum svæðisráð ætti að vera að skapa sátt um þjóðgarðinn heima fyrir. Sá veldur sem á heldur og að menn þyrftu að fá að stjórna þessu sjálfir heima fyrir.

Sigrún Blöndal spurði eftir því hvernig þjóðgarðurinn ætlaði að ná til skólanna. Agnes sagði að markmiðið væri að útbúa námsefni fyrir skólana í sumar og síðan yrði því fylgt eftir í skólunum. Einnig tækist vonandi að koma á föstum heimsóknnum ákveðinna árganga.

Völundur sagði að umræða Skotvís um gamlar hefðir fyrir skotveiði við Snæfell væri röng því að það hefði ekki hafist fyrir en slóðar og vegir inn Fljótisdalsheiði komu til sögunnar seint á síðustu öld.

Björn Ingimarsson lýsti yfir ánægju sinni með fundinn og sagðist vonast til að slíkir fundir yrðu fleiri og þjóðgarðurinn stæði fyrir umræðum með reglubundnum hætti.

Skúli Björn nefndi að það hefði verið hart tekist á um það stjórnfyrirkomulag sem er yfir garðinum og að þær raddir væru enn háværar sem teldu að völd heimamanna væru of mikil. Minnti menn á að standa vörð um það í komandi endurskoðun á lögnum.

Björn Ármann þakkaði fólki fyrir góðar umræður og mætinguna og sleit fundinum kl. 10.50.

Skúli Björn ritaði fundargerð.